

urnum af því, og þykir réttast, ef samkomulag kemst á, að hann byri tafarlaust á æfingum þeim í að spyrja börn og semja ræður, er þær hafð vikið á. 1867.  
19. október.

**53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um gjald þeirra, sem fá veitingu fyrir skárri brauðum á Íslandi, til fátækra prestsekkna og latínuskólans.** 19. október.

Útaf því, að tilskipunin 15. desembermán. 1865, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllumum á Íslandi, ekki hefir neina ákvörðun inni að halda um greiðslu gjalds þess, sem þeir, er fengið hafa veitingu fyrir sumum brauðum á Íslandi, hafa borgað hingaðtil, samkvæmt konungsbréfi 5. júnímán. 1750 og tilskipun 3. maímán. 1743 til fátækra prestsekkna og til latínuskólans, hafð þær, háæruverðugi herra, í bréfi dagsettu 8. ágústmán. þ. á. beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að að fara í þessu efni nú, er greind tilskipun hefir öðlazzt lagagildi 6. júnímán. þ. á.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, er fer því fram, að í líking við reglur þær, sem farið hefir verið eptir hingað til, skuli framvegis sá, sem fengið hefir veitingu

**1. fyrir aðalbrauði, gjalda**

til fátækra prestsekkna . . . . .	2 rd. 12 sk.
- latínuskólans. . . . .	2 — 12 —
alls . . . . .	4 rd. 24 sk.

**2. fyrir betra meðalbrauði, gjalda**

til fátækra prestsekkna . . . . .	1 rd. 6 sk.
- latínuskólans. . . . .	1 — 6 —
alls . . . . .	2 rd. 12 sk.



1867.

19. október.

3. fyrir lakara meðalbrauði, gjalda

til fátækra prestsekkna. . . . . 1 rd. 6 sk.

en að sá, sem hefir fengið veitingu fyrir fátæku brauði, ekki skuli greiða neitt slíkt gjald.

22. október.

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skoðun fjárins í Hafnahrepp í Gullbringusýslu.**

Nú er stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 10. júlímán. þ. á. um bænarskrá, er hingað hafði borizt beina leið, frá Vilhjálmi sjálfseignarbónda Hákonarsyni í Kirkjuvogi í Hafnahrepp í Gullbringusýslu, þar sem hann lætur í ljósi óánægju sína yfir ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið um skoðun fjárins í tæðum hrepp, og fer þess á leit, að bændunum þar sé leyft að hafa sjálfir umsjón þá, sem með þarf, með heilbrigðisástandi fjár síns o. fl., skal yður kunngjört sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtid það, að þó að stjórnarráðið kunnir að meta réttilega framtakssemi Vilhjálms sjálfseignarbónda í fjárkláðamálinu, þá verði samt, eins og búast má við að hann sjái sjálfur, hvorki hann né hinir aðrir Hafnahrepps búar undanþegnir ráðstöfunum þeim, sem yfirvöldin gjöra, samkvæmt tilskipun 5. janúarm. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

28. október.

**55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, lærisveins á dýralæknaskólanum, um styrk til að halda námi sínu áfram.**

Eftir að fengin hefir verið skýrsla frá forstöðumanninum fyrir dýralækninga- og búnaðarháskólanum útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt, frá Gísla Brynjúlfssyni, stip. arnamagn., þar sem hann sækir um, að dómsmálastjórnin veiti yður styrk